


SÆRAF EHF



Tölvuverslun
Tölvuviðgerðir
Rafeindapjónusta
Siglingatækjapjónusta

Opið alla virka daga kl. 10-17

Silfurgötu 5 Ísafirði • Sími: 450 6000 - 891 7360 - 891 8260 - sraf.is



Töfrarnir fólgnir í að ná til fólks

— sjá bls. 10 — 13.

Bolvíkingurinn, Fjallabróðirinn og söngvarinn **Hjörtur Traustason** er kominn aftur á æskulóðirnar eftir áralanga búsetu í borginni. Hann hefur komið sér vel fyrir í Bolungarvík ásamt eiginkonu sinni og tveimur dætrum. Hann er þó með annan fótinn syðra um þessar mundir þar sem hann tekur þátt í söngvarakeppninni The Voice – Ísland, sem fram fer á Skjá einum. Hjörtur er í opnuviðtali Bæjarins besta þessa vikuna.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 5. nóvember 2015 · 44. tbl. · 32. árg. · Ókeypis eintak



Lúr í logninu



Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með roastbeef



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með kjúklingasalati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*alltaf
nýsmurt*

HÚSGAGNAHÖLLIN



ROMANCE

2,5 sæta sófi. Dökkgrár. Viðarfætur.
Stærð: 170 x 82 x 87 cm

145.153 kr. ~~179.990 kr.~~



OSWALD

Priggja sæta sófi. Dökkgrár. Viðarfætur.
Stærð: 185 x 84 x 87 cm

80.637 kr. ~~99.990 kr.~~



ELLY

Priggja sæta sófi. Litir: Ljós- og dökkgrár, gráblár, sandbleikur og dustygrænn. Stærð: 183 x 82 x 85 cm

80.637 kr. ~~99.990 kr.~~

IDdesign



VESTA

Tungusófi hár, hægri og vinstri tunga. Divine antrazit eða grár.
Stærð: 300 x 94/160 x 80 cm

322.573 kr. ~~399.990 kr.~~

furninova



DEVON

Horntungusvefnsófi. Geymsla undir tungu og í armi.
Stærð: 241 x 225 x 82 cm

217.734 kr. ~~269.990 kr.~~



DEVON

Nettur og litríkur svefnsófi. Fáanlegur í mögum litum.
Stærð: 151 x 86 x 82 cm

112.895 kr. ~~139.990 kr.~~



* Taxfree tilboðið gildir bara á sófum og jafngildir 19,35% afslætti.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður viðisaukaskatt af söluverði.

Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar. Gildir ekki á Kamma afmælissofanum.

Þú finnur nýja sófa-taxfreeblaðið á husgagnahollin.is

OPNAR Á ÍSAFIRÐI

SÓFAR TAXFREE

Allir sófar á taxfree tilboði*



CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga.
Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 231 x 140 x 81 cm

96.766 kr. ~~119.990 kr.~~

Nú eru Húsgagnahöllin, Betra Bak og Dorma undir einu þaki að Skeiði 1, Ísafirði (Ljóninu)



HÚSGAGNA
HÖLLIN



DORMA
Láttu drauminn rætast

Ísafirði
Skeiði 1

12 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

www.husgagnahollin.is
456 4566



HÚSGAGNA
HÖLLIN



Útgefandi: Athafnaglesi ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Abyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir
Bládamadur: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthafi bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Veðurblíða

Þá er fyrsta tölublað nóvembermánaðar farið á flug, feitt og fall-egt. Haustið hefur hingað til verið okkur þægilegt, hlýtt og stillt, þær eru ekki amalegar kvöldgöngurnar í stjörnuþjórtu blankalogni og tunglsljósi. Bláðið er eins og veðrið, átakalítið.

En í öllu þessu dýrðarinnar kappalogni sem veðurguðirnir bjóða okkur upp á geisar stórhrið, eina ferðina enn, í þjóðfélaginu. Útgefin er skýrsla um sjónvarp og útvarp allra landsmanna og þar sýnist sitt hverjum, má leiða að því líkum að bara valið á skýrsluhöfundum gerði málið dauðadæmt frá upphafi. Ekki af því þeir séu óhæfir til skýrslugerðar heldur er þeirra pólitíska tenging með þeim hætti að skýrslan verður aldrei grundvöllur uppbyggilegrar umræðu. Þegar svo „ofan í kaupið“ koma í ljós ýmsir vankantar sem virðast hafa þann tilgang að sverta stofnunina verður ljóst að þessi skýrsla mun aldrei „ramma inn umræðuna“ eins Illugi Gunnarsson komst að orði. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir lýðræðisþjóð að hafa fjölmiðil sem ekki er stýrt af fjármagnseigendum eða háð þeim og þrátt fyrir að margir efist oft um vilja stjórnmálamanna til að vinna að almannaheill þá er kristaltært að önnur valdaöfl í þjóðfélaginu skara frekar eld að eigin köku en sinna almannahagsmunum. Stöndum vörð um ríkisútvarpið, okkar vegna.

Hár byggingarkostnaður og flóknar byggingareglugerðir er mantra dagsins og gerir Ólöf Guðný grein fyrir sinni skoðun á því í góðri grein í blaðinu. Undirrituð tekur heilshugar undir með henni og varar við þessum hugmyndum um nýja braggabyggð, fyrir hina!

Finnbogi Sveinbjörnsson ritar góða grein í blaðið og tjáir sig um nýtt vinnumarkaðsmódel sem nú er í smíðum. Vonandi verður það að veruleika og vonandi verður það til þess að bæði jafna kjör og að fullvinnandi fólk hafi í sig og á, fyrr getum við varla talist til síðaðra þjóða.

Sjónarmið og Fuglinn í fjörinni eru á sínum stað í blaðinu og verða í kjölfarið settar inn á vefinn eins og allar aðsendar greinar og viðtöl. Þá geta lesendur deilt og skrifað athugasemdir við það sem í blaðinu kemur.

BS

Spurning vikunnar

Í blaðinu er nýr dálkur sem kallast Sjónarmið. Lestu þennan dálk?

Alls svöruðu 167.

Alltaf, sögðu 22 eða 13%

Oftast, sögðu 48 eða 29%

Sjaldan, sögðu 20 eða 12%

Aldrei, sögðu 77 eða 46%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Aðsend grein

Lítið og ódýrt



Loksins virðast stjórnmálamenn tilbúnir til að grípa til aðgerða til að bregðast við almennum húsnæðisvanda fólks. Vanda sem meðal annars má rekja til launastefnu sem ekki er í nokkrum takti við verðlag. Þannig duga tekjur heimilanna ekki lengur fyrir kostnaðinum við að reka fjölskyldu með mannsæmandi hætti. Og þess vegna hefur þeim sem hafa ekki lengur efni á að kaupa sér eða leigja sér íbúðarhúsnæði, með góðu móti, fjölgað hratt á síðustu árum.

Stjórnmálamenn virðast fyrst og fremst koma auga á lausnir sem felast í að breyta byggingareglugerðinni og byggja lítið og ódýrt íbúðarhúsnæði. Í þessu felst hætta á að byggt verði ljótt, lélegt húsnæði fyrir efnalítið fólk þar sem gefinn verður afsláttur af öryggi og gæðum. Og það sem er kannski verra er viðurkenningin á að lág laun séu sjálfsögð og það

sé sjálfsagt að fólk sé efnalítið.

Önnur hætta er að reistir verði stórir byggingamassar eða jafnvel heil hverfi með einsleitum íbúðum fyrir efnaminna fólk. Félagsleg áhrif slíkra hverfa eru þekkt frá fyrri tíð og ættu að vera víti til varnaðar í þróun lítilla og ódýrra íbúða. Þannig lausnir eiga ekki heima í ríki sem vill kenna sig við velferð. Blönduð byggð með fjölbreyttum mismunandi og ólíkum búsetumöguleikum ætti að vera leiðarljósið og fólk ætti að hafa eitthvert val um hvar og hvernig það vill búa en ekki að vera þvingað inn í lítið og ódýrt húsnæði af efnahagsástæðum.

Það vantar ekki endilega litlar og ódýrar íbúðir en það vantar sárlega stjórnmálamenn með vilja, kjark og þor. Hátt lóðaverð á höfuðborgarsvæðinu hefur gríðarleg áhrif á byggingarkostnað. Lóðaverðið er hreinn viðbótarkostnaður við byggingarkostnaðinn og skilar sér einungis í herra húsnæðisverði. Hvers vegna bregðast sveitarstjórnamenn ekki við þessum vanda eða nefna hann þegar rætt er um leiðir til að lækka byggingarkostnað og íbúðaverð?

Stjórnmál hafa löngu viðurkennt að vextir á húsnæðislánum séu of háir. Þeir hafa meira að segja brugðist við vandanum með niðurgreiðslu á vöxtum í formi vaxtabóta. Með öðrum orðum að í stað þess að grípa til efnahagsaðgerða sem virkilega gagnast

fjölskyldum í landinu svo sem að tryggja mannsæmandi lágmarks-laun, setja þak á vexti og afnema verðtrygginguna, þá veita þeir lánastofnunum ríkisstyrki til að þær geti viðhaldið háum vöxtum. Og stjórnmál hafa svo aum eða blind að þau láta lánþegana greiða lánastofnunum styrkinn fyrir sig í formi greiðslu á háum vöxtum húsnæðislána.

Hversu marga stjórnmálamenn má ætla að langi til að búa í litlu og ódýru húsnæði? Þeir eru líklega ekki margir. En hvers vegna ætli þeir séu þá svona vissir um að aðra langi til að búa þannig. Litlu og ódýru íbúðirnar eru nefnilega ekki fyrir þá heldur fyrir hina. Hina sem búa við láglaunastefnu stjórnsvalda þar sem launin duga ekki fyrir grunnþörfum fjölskyldunnar. Þeir hafa rétt fyrir sér í að byggingarkostnaður er allt of hár en ódýrt, lítið og lélegt húsnæði er ekki svarið við því.

Rót vandans liggur hjá stjórnmálamönnum meðal annars í háu lóðaverði og í að viðhalda háum fjármagnskostnaði. Lausnirnar liggja líka hjá þeim en þeir verða bara að hafa kjark til að horfast í augu við og viðurkenna raunverulega vandann við háan byggingarkostnað og húsnæðisverð, þeir verða líka að hafa þor til að taka á vandanum og ekki síst vilja til að jafna kjör fólksins í landinu.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, arkitekt.

Snerpa er að leggja nýja ljósleiðara um Ísafjörð og víðar. Mun þá gefast kostur á nettengingum sem eru með hámarksgæði og án þeirra takmarkana sem felast yfirleitt í núverandi samböndum yfir langa koparstrengi.

Með þessum framkvæmdum stendur Snerpa mun framur samkeppnisaðilum. Sem dæmi eiga notendur í efri bænum á Ísafirði nú þess kost að tengjast Smartnetinu þar sem heimtaugar Snerpu eru um 800 metrum styttri en hjá öðrum fjarskipta fyrirtækjum.



Átt þú kost á fyrsta flokks nettengingu?

Ákveðið hefur verið að bjóða ljósleiðara-tengingar beint í hús á völdum stöðum, með 100/100 Mbit hraða auk þess sem útbreiðslusvæði Smartnetsins verður stækkað með því að leggja ljósleiðara inn í hverfi og fjölbýlishús og tengjast með koparheimtaug síðustu metrana.

Er Smartnetið á leiðinni heim til þín - eða jafnvel komið? - Frekari upplýsingar á vefslóðinni **smartnet.is**

snerpa
réttu leiðin
Mánagötu 6 - Ísafirði - sími 520-4000

NÁM MEÐ STARFI



DREIFNÁM

Borgarholtsskóli býður upp á nám fyrir:

- Félagssliða
- Félags- og tómstundaliða
- Leikskólaliða
- Skólaliða
- Stuðningsfulltrúa í skólum
- Viðbótarnám félagsliða
- Viðbótarnám leikskólaliða

Umsóknarfrestur er til 1. desember.

**Upplýsingar um námið veitir Þórkatla Þórisdóttir
í síma 8561718 Netfang: thorkatla@bhs.is**

Heimasíða skóla: www.bhs.is



Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

Nám á netinu

TILBOÐ Í NÓVEMBER

Hreinsun og endurnýjun á sængum og koddum



Laugaveg 86

sími 5518740 / 5112004



Finnbogi Hermannsson

– Sjónarmið –

Um sjálfsmyndina og þá sem snýr út á við

Það er orðið þó nokkuð síðan að móðerne hjúkrunarheimili var vígt á Ísafirði. Bærinn reisti heimilið með lántökum en ríkið leigir svo stofnunina og borgar húsaleigu sem fer upp í afborganir. Mætti ætla að þessu hjúkrunarheimili hefði verið troðið upp á Ísafirðinga svo galtómt sem það stendur þarna á Eyrinni. Að vísu var það verk síðustu ríkisstjórnar sem tók við eftir hrun að fjölga hjúkrunarheimilum og varð því ágæt atvinnubótavinna í leiðinni.

Áður en forstöðukona yrði ráðin yfir Eyri var hjúkrunarkona ein ágæt rekin í Bolungarvík því ein og sama manneskjan skyldi vera yfir hjúkrunarheimili í Bolungarvík og á Ísafirði. Hjúkrunarkonan í Bolungarvík las um brottrekstur sinn á vefnum, gott ef ekki á prenti, þegar starf hennar var lagt niður og nýtt starf auglýst. Óskaplega eitt-hvað ísfirskur og karllægur tuddaskapur.

Þögnin um Eyri

Þessa stundina hnussar í landsmönnum, alltaf sama klúðrið þarna fyrir vestan. Og þegar hér er komið sögu, föstudaginn 30. október, hefur enginn mannað sig upp í að útskýra hvers vegna rándýrt hjúkrunarheimili er bara börnum og hröfnum að leik. Meira að segja búið að malbika og tyrfa í kring. Hlýtur að vera einhver framkvæmdastjóri sem veit orsökina og ætti fyrir löngu að vera búinn að gera grein fyrir málinu. Gamli þumbaraskapurinn sem loðir við virkin á Ísafirði því Sjúkrahúsið, eitt öflugasta virkið í sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ, á að reka Eyri. Og nú er það ekki Þorsteinn læknir sem hefur neitt með þetta að gera og ekki hægt að fíra neitt yfir honum.

Til að fá einhverjar upplýsingar um gang mála er því vælegast að tala við iðnaðarmenn. Fara á svæðið og sjá með eigin augum hvort eitthvað sé að gerast til eða frá. Kemur þá í ljós að

tengibyggingin milli Eyrar og sjúkrahúss stefnir á líkhúsið í kjallaranum.

Líkhús á faraldsfæti

Og með því að ekki þykir viðkunnalegt að umferð milli stofnananna fari almennt í gegnum líkhúsið er það hugmyndin að líkhúsið verði flutt um set innar í sjúkrahúsið. Kapellan í sjúkrahúsinu verði á sínum stað en hugsanlega skorið eitthvað af henni. Þessar framkvæmdir eru enn þá í huga guðs og ljóst að Eyri mun ekki taka til starfa á þessu ári.

Sjúkrahúsið á Ísafirði var árum saman í byggingu og ekki flýtti gjaldprot verktakans fyrir að klára húsið. Þegar skrifari ók þar eitt sinn hjá ásamt séra Baldri í Vatnsfirði, hafði séra Baldur það á orði aðspurður, að inn í þetta hús hefði enginn sjúklingur farið og því síður komið út. Sama má svo sem segja um Eyri, en sá er munurinn að sjúkrahúsið var hálfkaraðra en Eyri er stand bæ bæði með torfi og malbiki. Svo

geta menn velt því fyrir sér hvort þetta hafi verið eitthvert freudian slip hjá hönnuði Eyrar að stefna millibyggingunni þráðbeint á líkhúsið.

Farið ekki með dár og spé góðir drengir, sagði öldungurinn úr Bláskógaheiði við kóngsins böðul og bifalningsman á Þingvöllum þegar klukka landsins skyldi höggvin niður og brotin. Og rétt að fara ekki frekar með dár og spé þegar liggur fyrir að brjóta niður múrveggi á sjúkrahúsinu og skúrta líkhúsinu inn í miðjan spítala. Þetta er án gamans.

Menn fara í sín fjós

En það er þetta með sjálfsmyndina og myndina út á við, svo einhverju samhengi verði náð við fyrirsögnina á þessu skrif. Almenníngur í landinu sér bara fyrir sér rándýrt hjúkrunarheimili á Ísafirði þar sem enginn hefur farið inn og því síður komið út. Alkunnugt klúður ráðamanna að stilla saman hlutum og ógjörningur að fá einhvern þráð í þuluna. Þetta er bara svona og

enginn aðstandandi Eyrar þess umkominn að skýra stöðu mála. Vestfirðingar hnussa að vanda, löngu beygðir af samskiptum við þá fyrir sunnan og þumbaldahætti embættismanna í héraði. Sjálfsmýnd þeirra mótast æ meir af lokunum á bönkum og pósthúsum. Útvarpið þeirra var lagt niður í fyrstu hrinu niðurskurðar og tætt í sundur. Flugvöllurinn á Þingeyri, sem var í hátíðarræðum á sínum tíma kallaður þverbraut Ísafjarðarflugvallar, ónýtur. Þarf ekki að minnst á kvótakerfið alræmda sem vinnur daglangt og árlangt eins og eyðingin hljóða og nú síðast var það Tálknafjörður sem fór til Grindavíkur.

Að öðru leyti dummar mannlífið áfram og sama hvað á gengur. „Haldaði að menn fari ekki í sín fjós eftir sem áður,“ sagði séra Baldur prófastur í Vatnsfirði eftir að sameining sveitarfélaga var felld í Inn-djúpi.

Finnbogi Hermannsson

Húsfyllir í Bolungarvík

Vel var mætt á tónleika þeirra Gissurar Páls Gissurarsonar og Halldórs Smárasonar í Félagshéimili Bolungarvíkur s.l. mánudagskvöld. Salurinn var fagurlega skreyttur og hátíðarstemning í húsinu. Ungir píánósnillingar frá Bolungarvík spiluðu á flygilinn meðan gestir komu sér fyrir við dúkuð borð og kertaljós.

Það var létt yfir þeim félögum þegar þeir komu á sviðið og

leiddi Gissur viðstadda í gegnum Napolí sem hann lýsir sem kraumandi orkupotti þar sem öllu ægir saman og ástríðan, maður minn, þar kunna menn að tjá sig. Á söngskrá dagsins var einmitt tónlist frá Napolí, þar sem tónskáldin tjáðu sig um ríkulega um ástir og vonbrigði.

Þetta var gríðargott kvöld, báðir eru þessir piltar snillingar og hrein unun að njóta þeirra tónlistarhæfileika.



Gissur Páll Gissurarson.

Auglýsing um styrki vegna námskostnaðar eða verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks vekur athygli á rétti fólks til að sækja um styrki skv. 27. grein laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.

Byggðasamlaginu er heimilt að veita styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga, enda telst námið hafa gildi sem hæfing eða endurhæfing. Einnig er heimilt að veita þeim sem eru 18 ára og eldri styrk til verkfæra og tækjakaupa í sambandi við heimavinnu eða sjálfstæða starfssemi, enda teljist starfsemin hafa gildi sem félagsleg hæfing eða endurhæfing sem miði að því að auðvelda fötluðu fólki að skapa sér atvinnu.

Umsóknafrestur er til 23. nóvember 2015 og skulu umsóknir berast til félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags, umsóknaeyðublöð og reglur um styrki vegna námskostnaðar eða verkfæra- og tækjakaupa eru að finna hjá viðkomandi félagsþjónustu.

- Félagsþjónustan við Djúp, Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, sími 450-7000/ 450-5900 www.bolungarvik.is / www.sudavik.is

- Fjölskyldusvið Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður, sími 450-8000 www.isafjordur.is

- Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps, Höfðagötu 3, 510 Hólabík, sími 451-3510/ 434-7880. www.strandabyggd.is / www.reykholar.is

- Félagsþjónusta Vestur- Barðastrandasýslu, Aðalstræti 75, 450 Patreksfjörður, sími 450 – 2300/ 456-2539 www.vesturbyggd.is / www.talknafjordur.is

VÆNINN



Jólahlaðborð Vagnsins á Flateyri
laugardaginn 12. desember
kl. 18:30 (húsið opnar kl. 18:00)
Óvænt skemmtiatriði
Verð: kr. 8.900 á mann

Þantanir í síma 845 4549 eða 694 7116

Auglýsingasími
bb.is er 456 4560

Fjallabróðirinn Hjörtur Traustason – kominn aftur heim



Hjörtur Traustason er 35 ára Bolvíkingur. Hann er nýlega fluttur aftur á æskulóðirnar eftir 17 ár í borginni. Hann er búinn að koma sér vel fyrir í Bolungarvík með eiginkonunni Freyðísi Ósk Daníelsdóttur og dætrunum Agnesi Evu sem er 9 ára og Stefaníu Rún sem er 6 ára, ásamt því sem nýr fjölskyldumeðlimur er væntanlegur á nýju ári.

Hjörtur er sonur Hjördísar Jónsdóttur og Trausta Bernódussonar og ólst hann upp í Þjóðólfs-tungu. Hann er elstur fjögurra systkina sem öll fengu í vöggugjöf mikla sönghæfileika, jafnvel þannig að hægt sé að segja það jafna við að Bolungarvík ætti sína eigin Von Trapp fjölskyldu, en Hjördís móðir þeirra syngur einnig og er liðtæk með gítarinn. Hjörtur er búinn að skapa sér gott orð sem söngvari og hefur hann mest verið að syngja með Fjallabráðrum, bæði sem einsöngvari og sem almennur kórfélagi. En nýjasta og kannski stærsta útspil hans á söngferlinum er að taka þátt í The Voice – Ísland, söngvarakeppni sem sýnd er á Skjá einum.

**Fundinn af útsendum
The Voice**

Áður en byrjað var að taka The Voice – Ísland upp, voru útsendarar í vinnu sem leituðu uppi íslenskt söngfólk sem mögulega ætti þar heima og þeir fundu Hjört sem þeir settu sig í samband við og sögðu að ef hann vildi vera með þá ætti hann pláss í þættinum.

„Ég vissi ekkert hvernig þessi þáttur var eða virkaði. Ég þurfti alveg að hringja í vini mína til að kanna hvort ég ætti nokkuð að vera að þessu. Bæði finnst mér svona raunveruleikasjónvarp oft geta verið kjánalegt hér á Íslandi og svo velti ég því líka fyrir mér hvort ég væri ekki orðinn of gamall fyrir þetta og hvort þetta væri eitthvað sem ég ætti að vera að fara út í. Allir voru sammála um að þetta væri tækifæri sem ég ætti ekki að láta framhjá mér fara. Ég var næstum búinn að bakka út úr þessu, því þegar að tókur hófust þá var ég fluttur aftur vestur og heilmikið batterí að vera með.“

Í fyrsta hluta þáttaraðarinnar eru blindar áheyrnarprufur þar sem dómara sjá ekki flytjendur en geta valið að snúa sér við í sætum sínum, lítist þeim vel á það sem þeir heyra, með því að snúa sér við eru þau líka búin að skuldbinda sig til að þjálf

viðkomandi söngvara. Í þessari prufu söng Hjörtur Midnight special með Creedence Clearwater Revival og óhætt er að segja að flutningurinn hjá honum hafi steinlegið og dómnefndin hreinlega ærst úr fögnuði þar sem þau sneru sér öll við fljótlega eftir að hann hóf upp raust sína. En hvað fannst Hirti um frammistöðuna?

„Ég hélt ég myndi drepast úr stressi. Ég sé þegar ég horfi á flutninginn að ég held dauðahaldi um míkrofóninn með báðum höndum sem ég geri nú yfirleitt ekki, en ég var bara svo hryllilega stressaður að ég þurfti að stoppa handskjálftann sem ég var með.“

Ég var þarna á bak við og hugsaði bara, þæja nú er það „do or die“, farðu bara og syngdu helvítis lagið og vitnaði þar í Halldór Gunnar Pálsson, vin minn og kórstjóra Fjallabráðra. Því ef ég fékk einhverja söngstíflu þegar ég var að syngja með þeim, eða taldi mig vera með hana. Þá sagði Halldór Gunnar við mig „Hjörtur, hættu þessu. Farðu bara og syngdu helvítis lagið. Hættu að hugsa og syngdu.“ Það var það sem ég þurfti á að halda og lét vaða.

Þegar ég var baksviðs og voru 5 mínútur í mig, þá hamaðist hjart-

að í mér eins og ég hefði fengið 20 adrenalín-sprautur. Þetta var svona lífsháskahjartsláttur. Þegar staðan er svona getur maður annað hvort nýtt sér það í vil eða látið það rústa frammistöðunni. Það er svo mikilvægt á svona stundu að geta róað hugann og haldið fókus. Vera drullusama og skila sínu. Þegar öllu er á botninn hvolft þá er það það sem skiptir höfuðmáli að þú skilir þínu eins vel og þú mögulega getur. Þegar þú gerir það, þá getur þú ekki verið full yfir því sem þú gerðir.“

Ég get alveg verið með „ef“ fidusinn á milljón í lífinu, ef ég hefði bara gert hitt eða þetta, en ég hef náð að skilja sönginn að mestu frá því. En eftir að ég sá upptökuna þá hugsaði ég alveg „hvað ertu að gera með olnbogann svona út í loftið.“ Maður getur verið svo miklu duglegri við að rífa sig niður en peppa sig upp.“

„En satt að segja man ég lítið frá því er ég var á sviðinu. Ég var bara þarna í einhverri leiðslu. Ég man samt að ég hugsaði „djöfull er þetta gaman“ og „Hey, vó þau snéru sér við.“ Ég sé líka að undir lokin þá er ég búin að létta takið á míkrofóninum og búinn að slaka á.“

Næsta skref hjá Hirti í The Voice er að taka þátt í einvígi, en annar hluti keppinnar snýst um það. Eftir það verða þrír úrslitabættir og þeir keppendur sem komast upp úr þeim etja svo kappi í úrslitabættinum sem verður 4. desember.

Dýrmætt bakland

Hjörtur flutti suður 18 ára gamall, þar sem hann vildi gerast vélsmiður og fór á samning til undirbúningsá því. Hann kláraði samninginn, en fyrirtækið fór fljótlega á hausinn eftir að því lauk og þá fór Hjörtur að starfa við vinnuvélar og hefur hann að mestu verið í því síðan. Í dag vinnur hann sem vélamaður hjá Elfari Sigurgeirssyni í Bolungarvík.

„Það er búið að taka svolitinn tíma að fá konuna til að flytja með mér vestur. Mig hefur lengi langað að koma aftur heim. Það reyndar sló aðeins á heimþrána að flytja í Hafnarfjörð, þar sem við bjuggum síðustu fjögur árin, en þar fannst mér afar gott að vera og Hafnarfjörður í raun bara sjávarþorp þar sem allir þekkja alla. En mig langaði í rónna sem fylgir því að vera herna fyrir vestan og ég veit auðvitað að það er

frábært að ala upp börn hér, sem var númer 1, 2 og 3. Hér er líka nánast öll mín fjölskylda enn, mamma er hér og pabbi og öll fjögur systkini mín og meira að segja amma og systkini foreldra minna. Ég er í raun að endurheimta frændgarðinn upp í 90% því flestir eru hér.

Eftir 17 ár fyrir sunnan á ég auðvitað rætur þar líka og sumar sem ekki er hægt að slíta upp, en það er eins og hér, maður hlúir þá bara að þeim rótum sem á staðnum eru. Ég finn að það hefur mjög góð áhrif á mig að koma heim aftur. Lífið er svo allt annað hérna. Ég er miklu rólegri.

En það mætti vera fjölbreyttari vinnu hér að fá til að fá fleira af fólkinu aftur til baka sem er farið suður, unga fólkið. Það er draumurinn minn. Það þarf að vera úr meiru að móða en fiski, þó hann geti verið frábær og ég hef sjálfur unnið í fiski. Það vantar vissst aldursbil hérna og fleira fólk.

Eins og áður sagði er eigin-kona Hjartar, Freydís Ósk. Hún er þýðandi og vinnur heiman frá sér. Þau kynntust stuttu eftir að Hjörtur flutti suður á bóginn „Ég er mjög heppinn með konu, mjög heppin að hún hafi tekið mig að sér fyrir 16 árum síðan, en við erum búin að vera saman síðan 1999. Hún á mikið lof skilið fyrir að hafa nennt að hanga með mér allan þennan tíma. Hún hjálpar mér að komast í gang aftur í lífinu ef ég er eitthvað að



Hjörtur með Fjallabráðrum.

fara út af sporinu - sem er alveg ómetanlegt. Hún er líka ein af þeim sem sagði að ég ætti eftir að naga mig í handarbökin að eilífu ef ég myndi ekki fara og taka þátt í þessari keppni. Hún sagði bara „hættu þessu væli, dríffðu þig í þetta og gerðu þetta vel.“

Ég væri ekkert í þessum söng núna ef ég hefði ekki farið í Fjallabráður. Þeir kenndu mér bráðalag og með þeim byrjaði þetta allt, þar byrjaði ég að syngja opinberlega. Ég söng í fyrsta sinn einsöng á tónleikum með Fjallabráðrum fyrir 5 árum á Flateyri, þá söng ég Freyju og ég hélt að ég myndi, ég vona að þú afsakir orðbragðið, drulla í buxurnar af stressi.

Það er bara svo magnað að eiga svona hóp fyrir aftan þig eins og Fjallabráður. Þetta er svo rosalega breiður og góður hópur. Þetta er eins og að eiga öryggisnet og ég hef saknað þeirra eftir að ég flutti. En þá minni ég mig á að þeir séu alltaf með mér. Þeir voru til dæmis alveg með mér í The Voice, ásamt fleirum, eins og minni frábæru fjölskyldu. Það er svo frábært að geta notað sem styrk allt það góða sem umkringir mann.

Töfrarnir fölgirnir í að ná til fólks

„Ég hef alveg tilhneigingu til að berja mig niður. Sérstaklega þar sem ég bara vil ekki gera of

miklar væntingar. Ég veit ekki hvort þetta sé eitthvað vestfirskt, eða kannski íslenskt, þetta með að mega ekki gera sér of miklar vonir því þá munu vonbrigðin vera minni ef illa fer. Mér finnst bara svo vitlaust að hugsa svona og auðvitað á maður bara að fagna þegar gengur vel. Hvort sem það er að samgledjast með sjálfum sér þegar að vel gengur eða með öðrum þegar þeim gengur vel, að virkja bráðalagið í sér.

Ég veit náttúrulega ekkert hvað þessi keppni kemur til með að gera. Það er búið að vera að segja við mig í mörg ár „af hverju gerir þú ekki eitthvað með sönginn?“ Ég hlustaði bara ekkert á það. Það eru svo mikil mistök að

heyra ekki þegar fólk er að hæla því sem við gerum vel, því það er náttúrulega eitthvað til í því ef fólk ítrekað vill sjá meira af einhverju frá þér, það er bara að kunna að taka því. Ég virtist bara ekki geta tekið þetta inn. Ég átti miklu auðveldara með það þegar það snéri að einhverju öðru en söngnum, og vissi að ég væri góður í hinu og þessu, en einhvernvegin virtist ég bara loka þegar þetta snérist um sönginn.“

Heldurðu að það geti tengst því að þetta sé svo nærri draumunum þínum?

„Já það getur vel verið og er afar sennilegt. Ég vil alls ekki eyðileggja þetta. Mér finnst þetta svo brothætt – þó þetta sé sennilega það sterkasta sem ég á og það er ekkert sem lætur mér líða eins vel.“

Nú verð ég að segja eftir að hafa séð þig syngja að ég er pínulítið hissa á að þú hafir ekki tranað þér meira fram með þessa miklu hæfileika.

„Ég er bara ekki mikið í því. Það hefur svolítið vantað þetta element í mig sem er kannski galli í þessum bransa. Mér getur alveg fundist asnalegt að heyra sjálfan mig syngja. Í söngnum vil ég gera hlutina vel og ég legg mig fram um að tengjast vel því sem ég er að gera, ég vil setja mig vel inn í tilfinninguna í lögnum og skila henni. Ég er bara eins og golfari sem veit að að gott högg snýst um samhæfingu. Það þarf allt að ganga upp og til að ná góðu höggi þurfa ótal samverkandi þættir að vera í lagi. Þannig er það í söngnum. Það er alveg hægt að vera tæknilega góður, alveg það góður að þú værir með bestu rödd sem heyrst hefur úr einum manni en svo nærðu bara ekki til fólksins sem þú ert að flytja fyrir. Ég veit allavega að það er það sem ég vil helst geta – náð til fólks. Góð rödd er bara plús. Að ná til fólks, þar liggja töfrarnir.

Ég hef verið að syngja í brúðkaupum og jarðarförum og ég held að það sé besti skóli sem ég hef fengið. Þar þarftu að vera alveg 100% og það er mjög mik-



Fjölskyldan á Hlíðarstætinu – Hjörtur og Freydís Ósk með dæturnar Agnesi Evu 9 og Stefaníu Rún.



Hjörtur – nýfluttur aftur á æskulóðirnar í Bolungarvík.

ilvægt að geta skilað af hreinni tilfinningu. Það er allt annað en að syngja á pöbbum sem er meira eins og að skella sér í stígvélin og vaða áfram.“

En hvað, heldur hann að velgengnin geti stigið honum til höfuðs? „Það er bara einn staður þar sem ég leyfi mér að vera rosalega ánægður með sjálfan mig og það er þegar ég er einn í bíl. Þar reyni ég að samgledjast sjálfum mér í

minni viðurvist, það er merkilegt hversu erfitt það getur verið – að samgledjast sjálfum sér.

Það mætti kannski halda að þetta væri hluti af einhverri athyglissýki, en ég held að þetta sé eitthvað annað. Eins og mér finnst oft erfitt að koma fram þá eru það líka svo mikil verðlaun. Þetta er það besta í heimi.

Það er bara einhvervegin þannig með þennan sönghluta

af mér að ég hef ekki verið að sækja fram þar. Það er alls ekki þannig að ég hafi verið brotinn niður í uppeldinu, þvert á móti fékk ég mikla hvatningu og ég var faðmaður og kysstur í bak og fyrir. En þetta er eitthvað innra með mér sem ég er búinn að nota í gegnum tíðina og haldið aftur af mér.

Stundum þegar ég er að fara að syngja þá er ég svo kvíðinn að ég

hugsa af hverju í ósköpunum er ég að gera þetta? En svo þegar ég er að syngja og þegar ég er búinn þá man ég svo vel af hverju ég er að þessu. Því tilfinningin er með öllu óviðjafnanleg. Ef ég kæmi henni í glas, þá væri ég ríkasti maður í heimi, það er ekkert betra til, nema þá sú tilfinning að eignast barn. Svo þegar ég er búinn koma fram og syngja, þá fer ég iðulega í langa bíltúra þar sem ég bæði safna mér saman og næ að leyfa mér að upplifa ánægjuna sem þessu fylgir og leyfi mér að vera mjúkur. Ég lifði í þeirri blekkingu lengi að ég væri þessi harði gaur en svo komst ég að því að ég væri í raun mýkri en gúmmíbangsi.“

Lesblindur lagahöfundur innblásinn af Stebba frænda

Ertu að semja?

„Já ég á alveg helling af lögum ofan í skúffu. Það liggur vel fyrir mér að semja laglínur en ég er ekki sterkur þegar kemur að textagerð. Ég og orð eignum enga sérstaka samleið. Mér finnst ekkert gaman að lesa en þarf sennilega að fara að temja mér það. Það er allavega það sem allir segja að með því að lesa meira fái ég meiri tilfinningu fyrir orðunum. En svo er ég lesblindur sem hefur sennilega eitthvað með það að gera að ég hafi ekki verið að gera svo mikið af því. Ég fór í greiningu á sínum tíma sem hjálpaði mér með viðurkenningu á vandanum, af því ég hélt að ég væri bara tossi.“

Varstu enn í skóla þegar þú fórst í greiningu?

„Nei ég fór ekki fyrr en ég var fluttur suður. Það má segja um grunnskólagöngu mína að hún hafi verið alveg frábær – nema bóklega séð. Ég og íslenska, enska, danska vorum ekki vinir og stærðfræðin eftir að hún fór að innihalda algebru. Allt hitt var bara fínt. Mér fannst allir aðrir eiga svo auðvelt með þetta en seinna hef ég komist að því að margir bekkjarbræður mínir áttu líka erfitt með þetta. Það bara sást ekki, það sást meira hjá mér. Ég var nú ekkert sérlega dapur yfir þessu, var meira í að vera skítsama. Ég var til dæmis í aukakennslu í íslensku alla mína skólagöngu. Það var líka svo margt sem mér fannst ég ekkert þurfa á að halda. Ég get verið alveg eins og hestur með blöðkur, alveg ferlega þröngsýnn og séð bara beint af augum. Ég var alltaf þannig að glasið mitt var hálf tómt. Ég hef mikið unnið í því að fá það til að vera hálf fullt, það er miklu betra þannig. Þegar maður fer að eldast fer maður að spá í þessa hluti, eða eins og mamma segir, þá fer maður að þroskast. Þegar ég var svo 26 ára þá fór ég í kvöldskóla og í raun þá á ég bara eftir að taka sveinsprófið til að klára rafvirkjann. Merkilegt

hvernig maður getur gert hlutina að einhverjum fjöllum í hausnum á sér, en svo þegar til kemur þá eru þetta bara einhverjar smá nibbur.

Mér finnst voða gott að semja á píanó, þar fær maður þetta mjúka og mér finnst miklu betra að súnka inn í það. Mér finnst tilfinningin vera eins og ég sé ekkert að reyna að semja heldur meira að leyfa þessu að flæða og þegar ég fæ gæsa húð þá veit ég að ég er á rétttri leið. Því maður blöfvar ekki gæsa húð, það er eitthvað sem barn gerist þegar við verðum fyrir sterkum áhrifum af einhverju, hvort sem það er að sjá fallega konu eða heyra í góðum söngvara. Gæsa húð er mjög góður mælikvarði og ég nota hana til dæmis sem mælistiku, ef ég heyri í söngvara sem lætur mig fá gæsa húð – þá er hann góður.“

Hjörtur segist ekki hafa verið sýsyngjandi sem barn, aðeins hafi brostið á með söng í fjósaverkunum í gamla daga en mest hafi hann byrjað að syngja eftir að mamma hans kenndi honum á gítar á unglingsárunum.

„Stefán Steinar Jónsson er bróðir mömmu eða Stebbi Jóns, eins og hann er betur þekktur. Hann bjó hjá okkur í Tungu um tíma og hann er mikill áhrifavaldur í lífi mínu. Hann hefur verið svo miklu meira en bara frændi og ég kalla hann bróður minn, því hann hefur eiginlega alltaf verið eins og stóri bróðir minn.

Við vorum að syngja Ave Mariu og fleiri lög í fjósinu þegar við vorum að vinna og við vorum að leika okkur að því að milliradda, þarna hef ég kannski verið 11–12 ára. Svo var hann með hljómborðasamsetninguna sína inni í herbergi og þar sungum við með undirleik Bjarnastaðabeljurnar. Stebbi var alltaf að spila og ég var að koma og vilja fá að syngja í hljóðnemann og það var ekkert mál. Það var aldrei neitt mál. Svo var það þannig að hlutirnir sem Stebbi eignaðist, eignaðist ég á eftir honum. Eins og skemmtara til dæmis, sem ég lærði að spila á.

Skemmtarinn kom á undan gítarnum sem ég lærði á svona 15 ára. Eldri frændur mínir voru alltaf að hlusta á Bubba Morthens eins og margir gerðu hér á þessum tíma, þeir voru að sýna mér plötur og leyfa mér að heyra. Þetta fór bara inn að beinmerg að mér og er þar enn. Bubbi er og verður alltaf mikill áhrifavaldur í lífi mínu og á ég honum margt að þakka, líka listamenn eins og Bó og Villi Vill sem mamma hlustaði mikið á. Ein ástæðan fyrir því að læra á gítarinn var auðvitað að ég var búinn að fatta að þeir sem voru með gítarinn í partýum – þeir voru umvafðir kvenfólki.“

Af lærimeisturum

„Ég byrjaði í píanónámi þegar



Hjörtur og Freydis á brúðkaupsdaginn.

Vantar þig heyrnartæki?

Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjapjónusta

Ísafjörður - 11. nóvember

Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Ísafirði við heyrnarmælingar, ráðgjöf og sölu heyrnartækja. Mikið úrval af hágæða heyrnartækjum. Sérsmíðuð í eyra eða næstum ósýnileg bak við eyra. Margir verðflokkar.



Heyrnartækni

Bókaðu tíma í heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki til prufu

Sími 568 6880

Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Sími 568 6880 | www.heyrnartaekni.is

ég var 8 ára, en það gekk ekki upp. Þarna var ég farinn að spila eftir eyranu og kennarinn sá það og skammaði mig fyrir að spila ekki eftir nótnum. Það bara hentaði mér ekki að spila eftir nótnum, svo ég hætti.

Þegar ég fór að syngja meira með Fjallabráðum, þá fattaði ég að ég beitti mér vitlaust í söngnum, svo ég fór í söngtíma til Ingveldar Ýrar, sem er bæði frábær söngkona og kennari. Ég var alveg ferlegur því ég keyrði mig svoleiðis upp í rokkham ef ég var að syngja og svo gat ég ekkert sungið í heillangan tíma á eftir. Gleymdi alltaf að bremsa mig niður. Ég fór í einhverja 10 tíma hjá Ingveldi og það gerði alveg rosalega mikið fyrir mig, ég náði að bremsa mig aðeins niður. Svo seinna heyrði ég af tækni sem kallast „complete vocal technique.“ Að baki þeirrar tækni eru miklar og ítarlegar rannsóknir á söng hjá ólíkum menningarhópum og raddtegundum. Líka stílum sem sungið er í, þau hafa fundið út að raddgírnir séu fjórir eða Neutral, Curbing, Overdrive og Edge flokk og þegar ég söng Midnight special til dæmis þá var það í edge-flokknum.

Þegar við Arnar Heiðarsson, æskuvinnur minn sem fylgdi mér í áheyrendaprufunum, vorum að bíða eftir að því að ég kæmist inn til að syngja fyrir dómnefndina



Hvað ungur nemur, gamall temur.

spurði Arnar mig hvaða dómara ég ætlaði að velja, ég sagði að við þyrftum nú fyrst að sjá hvort einhver myndi snúa sér við yfirleitt. Hann spurði mig þá hvern ég myndi velja bara ef það myndi gerast að allir snéru sér við.

Þegar Svala snéri sér við, þá var

bara eins og einhver samruni ætti sér stað, bara beint í samband og ég sé ekki eftir að hafa valið hana, þó hún hafi jafnvel ekki verið sú sem ég hefði fyrirfram valið. Mér finnst alveg frábært að vinna með henni og við erum orðnir góðir vinir og mér finnst hún algerlega

frábær karakter. Hún er svo nös og hrein og bein. Hún segir þér nákvæmlega það sem hún sér sem henni finnst gott og líka það sem henni finnst ekki vera að virka. Það er gríðarleg þjálfun fyrir mig. Hún er náttúrulega með svo mikla reynslu í þessum bransa. Hún sá svo glögg það sem ég var að gera með hangandi hendi og hún hefur lagt mikið upp úr því að kenna mér að vera aggressívari þegar kemur að söngnum og flutningnum. Hún vill alls ekki breyta því sem ég er með fyrir en leggur mikið upp úr því að ég breyti viðmótinu að ég sækir meira og trúir meira á sjálfan mig.

Ég er algjörlega í dauðariðlinum í þessum þætti, eins og í handboltanum. Mér líður eins og ég sé Ísland og ég hafi fengið á móti mér Frakka og Spánverja. Það eru algerlega frábærir talentar í hópnum og þau eru söngfólk fram í fingurgóma. Það var þannig að Svala snéri sér ekkert við nema hún heyrði einhverjar rosa raddir. Hún er með áberandi góða söngvara í sínu liði.

Ég verð að segja að ég hef haft afskaplega gaman af þátttöku í The Voice og móttökunar sem

ég hef fengið frá fólki verið alveg frábærar. Mér hefur verið heilsað á ótrúlegasta hátt þar sem til að mynda hefur verið öskrað á mig út um glugga „frábært hjá þér!“ Ég hélt líka að Feisbúkið mitt myndi springa eftir flutninginn. Ég var reyndar ánægðastur með viðbrögðin hjá pabba, en við horfðum á þáttinn saman. Þegar flutningi mínum var lokið klappaði hann höndunum saman og sagði „og toppiði þetta helvítin ykkar!“

Hjörtur segist vera kominn í mikinn keppnisham og ætlar sér langt í keppninni og það þýði ekkert að vera með hangandi hendi „Ef ég kemst í live-þættina. Þá er þetta byrjað fyrir alvöru og þá má ekkert klikka.“

Ertu farinn að máta í huganum hvað gerist ef þú vinnur keppnina?

„Bara þegar ég er einn í bílnum. Þá get ég leyft dagdraumunum að fara með mig út um allar trissur, en það er svo bara eftir þar. Ég er bara Hjörtur Traustason úr Þjóðólftungu í Bolungarvík, ekkert meira og ekkert minna. Ég ætla mér bara að halda því áfram.“

annska@bb.is



Umsjónarmaður verslunar Lyfju Ísafirði

Við leitum að metnaðarfullum og skipulögðum starfsmanni til að hafa umsjón með versluninni. Starfið felst m.a. í yfirumsjón með uppstillingu á vörum, fylgjast með sölutölum og stjórna pöntunum á vörum með sjálfvirkri pöntunarkerfi í samræmi við ákvarðanir fyrirtækisins. Samskipti við birgja varðandi vörur í versluninni í samráði við verslana- og markaðssvið Lyfju hf. Yfirumsjón með að verslunin sé hrein og snyrtileg. Veitir ráðgjöf til viðskiptavina um val á vörum, afgreiðslu á kassa, afhendingu lyfja gegn lyfseðli, afgreiðslu á lausasölulyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra. Vinnutíminn er frá 10:00-18:00 alla virka daga og frá 10:00-13:00 þriðja hvern laugardag.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf í sem fyrst.

Nánari upplýsingar

gefa Jónas P. Birgisson, lyfsali Lyfju Ísafirði
í síma 456-3009, jonas@lyfja.is og Hallur Guðjónsson, starfsmannastjóri
í síma 530-3800, hallur@lyfja.is

Sækja má um starfið á heimasíðu okkar www.lyfja.is
Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. hvetjum við karla jafnt sem konur til þess að sækja um störf hjá fyrirtækinu.



Grundarfjarðarbær

Deildarstjóri

Deildarstjóra vantar á leikskólann Sólvelli í Grundarfirði.

Um er að ræða 100% starf á yngstu deild leikskólans

Leikskólinn Sólvellir er fjöggra deilda leikskóli með um 60 nemendur frá eins til sex ára. Skólinn starfar eftir viðurkenndum hugmyndum og kenningum í uppeldisfræðum.

Menntun og hæfniskröfur:

. Leikskólakennaramenntun eða önnur uppeldismenntun.

. Reynsla af uppeldis og kennslustörfum er æskileg.

. Hæfni í mannlegum samskiptum og frumkvæði í starfi.

. Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi sambands íslenskra sveitarfélaga og kennara-sambands Íslands.

Starfið er laust frá 1. desember n.k.

Umsóknarfrestur til 15. nóvember.

Nánari upplýsingar veita Björg Karlsdóttir leikskólastjóri og Ingibjörg Þórarinsdóttir apstoðarleikskólastjóri í síma 438-6645 eða með því að senda fyrirspurnir á bjorg@gfb.is

Sótt er um starfið á vefsíðu Grundarfjarðarbæjar, www.grundarfjordur.is

Samkomulag SALEK hópsins mikilvægt skref til að ná fram stöðugleika á vinnumarkaði



Þann 27. október sl. undirritaði SALEK hópurinn sem svo hefur verið nefndur, rammasamkomulag milli aðila vinnumarkaðarins um meiri sátt á vinnumarkaði með breyttum og bættum vinnubrögðum við gerð kjarasamninga. Markmið samkomulagsins er að auka kaupmátt við efnahagslegan og félagslegan stöðugleika á grundvelli lágrar verðbólgu, stöðugs gengis og lægra vaxtastigs. SALEK hópurinn samanstendur af fulltrúum ASÍ, BSRB, Reykjavíkurborgar,

Fjármálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka atvinnulífsins. Rammasamkomulagið sem SALEK hópurinn skrifaði undir og nær til yfir 70% vinnumarkaðarins er fyrsta skrefið í tveggja ára vegferð sem miðar að því að koma á breyttu vinnulagi við kjarasamningsgerð. Ekki er þar verið að tala um að skerða rétt félagsmanna til að hafa áhrif á gerð kjarasamninga, eða skerða samningsfrelsi með einum eða öðrum hætti.

Á formannafundi ASÍ sem haldinn var í Reykjavík miðvikudaginn 28. október sl. var farið ítarlega yfir samkomulag SALEK hópsins. Meðal aðildarfélaga ASÍ hafa verið nokkuð skiptar skoðanir á þeirri vinnu sem unnin hefur verið á vettvangi SALEK og sitt sýnist hverjum um ágæti þess samkomulags. Á fundinum var lögð fram ályktun frá miðstjórn ASÍ um kjaramál sem var samþykkt eftir að gerðar höfðu verið á henni þó nokkrar breytingar. Meðal annars breytingar sem undirritaður lagði

fram og taldi afar mikilvægar svo meiri sátt næðist um málið meðal formanna aðildarfélaga ASÍ. Niðurstaðan var sú að breytt ályktun var samþykkt með fimm móttakvæðum af þeim rúmlega 70 sem áttu seturétt á fundinum.

Rétt er að benda á að á þingi Starfsgreinasambands Íslands (SGS), sem er stærsta landsamband innan ASÍ með yfir 50 þúsund félagsmenn, og fram fór 14.-15. október sl. var ákall um stöðugleika og aukinn kaupmátt mjög í fyrirrúmi ásamt samstöðu við kjarasamningsgerð. Breytingar á íbúðamarkaði sem auðveldi fólki að komast í öruggt húsnæði með lægri tilkostnaði, breytingar við kjarasamningsgerð þar sem horft verði meðal annars til nágrannalandanna voru einnig mjög til umræðu.

Verkalýðshreyfingin hefur lengi kallað eftir breyttum vinnubrögðum við kjarasamningsgerð, félagsmenn okkar hafa kallað eftir stöðugleika og ábyrgð í velferðarmálum. Við viljum ekki einkarekið heilbrigðiskerfi, ekki einkarekna skóla, ekki aukna misskiptingu í samfélaginu, ekki að hinir ríku verði ríkari og fátækari fátækari. Með samkomulaginu er gerð tilraun til að snúa ofan af þeirri slæmu þróun sem hefur viðgengist of lengi og stjórnmálin dregin til ábyrgðar.

Samkomulagi SALEK hópsins er ætlað að koma einmitt til móts við þessar áherslur.

Stéttarfélagin kalla eftir ábyrgri peningamálastefnu, ábyrgri hagstjórn og að stjórnmálin, hver svo sem þau kunni að vera,

beri ríkari ábyrgð á velferð og kjörum íbúa landsins. Þar geti viðkomandi ríkisstjórnarflokkar ekki skorast undan þeirri ábyrgð að virða samkomulag um breytta samfélagsgerð þegar kemur að framfærslu og velferðarmálum landsmanna. Niðurstaða SALEK hópsins og það samkomulag sem hópurinn undirritaði er í raun beinagrind um það sem verður unnið að innan aðildarfélaga ASÍ er varðar breytta vinnu við kjarasamningsgerð og ríkari ábyrgð samningsaðila.

Næsta skref aðila vinnumarkaðarins er að vinna að breytingum á gildandi kjarasamningi þannig að núverandi kjarasamningar haldi áfram gildi sínu út samningstímann. Það er mat aðildarfélaga ASÍ að umtalsverður ávinningur sé að halda þeim samningum í gildi. Við leggjum áherslu á að með því að sprengja ekki upp samninga í febrúar 2016, verði lagður grunnur að meiri stöðugleika. Okkar fólk kallar fyrst og síðast eftir stöðugleika þar sem krónurnar í launumslaginu hafi þann kaupmátt sem dugir til að sjá sér og sínum fyrir mannsæmandi framfærslu. Núverandi kerfi gleypir kaupmáttinn sem um semst nánast jafn óðum. Samkomulag SALEK hópsins er tilraun til að snúa ofan af þeim óstöðuleika sem okkar fólk fær svo óþyrmelega að kenna á í viðvarandi höfrungahlaupi sem hefur tíðkast við gerð kjarasamninga undanfarin ár.

Vonast er til að takist að ljúka vinnu við heildarsamkomulag þeirra aðila sem undirrituðu

SALEK samkomulagið á næstu tveimur árum og nýtt vinnumarkaðsmódel geti litið dagsins ljós árið 2018. Vinnumarkaðsmódel sem félagsmenn okkar munu taka þátt í að móta og munu kjósa um hvort verði að veruleika eða ekki. Félagsmennirnir sjálfir munu áfram taka ákvörðun um kröfugerð og lengd kjarasamninga og verður svigrúm til fyrirtækjasamninga áfram til staðar. Í þeirri vinnu hafa aðildarfélög ASÍ lagt áherslu á að horft verði til nágrannalanda okkar en við munum samt byggja upp okkar eigin samningsmódel sem byggir á því sem við höfum gert vel í gegnum tíðina. Gleymum því ekki að þau réttindi sem gilda á vinnumarkaði eru fengin gegnum störf verkalýðshreyfingarinnar. Þau dattu ekki af himnum ofan.

Við eigum góða og sterka vinnulöggjöf, við erum með mikla þátttöku í stéttarfélagum, með öflugra sjóði sem standa á bakvið félagsmanninn, slysa- og veikindaréttindi og margt fleira sem ekki væri til staðar nema fyrir tilstilli baráttu félagsmanna stéttarfélaga á Íslandi. Þessu verður að sjálfsögðu ekki fórnad, heldur mun verða byggt ofan á það sem vel hefur verið gert og því sem vel er gert hjá öðrum bætt við. En fyrst og síðast mun verða kosið um þessar breytingar meðal félagsmanna allra stéttarfélaga sem munu eiga aðild nýju vinnumarkaðsmódeli.

*Finnbogi Sveinbjörnsson,
formaður Verkalýðsfélags
Vestfirðinga*





Ástkær móðir okkar

Guðbjörg Amelía Magnfreðsdóttir

verður jarðsungen frá Ísafjarðarkirkju
laugardaginn 7. nóvember kl. 14.00.
Börnin



Fuglinn í fjörunni

?Forboðin ást á Íslandi

Fallegt par, upprunnið frá Víetnam, maðurinn svo til íslenskur, hefur búið hér frá bernsku, stúlkan kemur sem aupair til landsins í gegnum frændfólk, þau kynnast og fella hugi saman. Hún verður ólétt. Ekta íslenskt eitthvað. En það þykir ekki par fínt lengur að eiga barn í lausaleik, hvorki á Íslandi eða Víetnam, þau ganga í hjónaband eins og allir hinir. Brúðkaup uppá íslenska vísu, brúðurin í hvítu, svo glæsileg eftir myndum að dæma. Hún finnur fyrir morgunógleði en brosir gegnum tárin. Barnið fætt

á réttum tíma á Landspítalanum í Reykjavík. Fyrsta barn beggja, faðirinn er viðstaddur fæðinguna líklega hálfskelkaður yfir þessu nýja hlutverki sínu. Hún hefur kannski skammast, sagst aldrei ætla að gera þetta aftur, kannski grátið, langað að fá móður sína til sín eins og stundum gerist þegar amman er fjarri. Þessi fallega ástarsaga gerðist á Íslandi.

Starfsmaður Landspítala, með samviskufrelsi hringir til Útlendingastofnunar og tilkynnir að eitthvað sé ekki í lagi í þessu hjónabandi, hin nýbakaða móðir sé barnaleg og faðirinn óframfær-

inn. Þetta virðist vera nóg ástæða til að Útlendingastofnun ákveði að rannsaka hjónabandið frekar. Lögreglan látin fyrst í málið, áður en ungu hjónin eru kölluð í viðtal til Útlendingastofnunar, þar sem sannleikans er leitað. Stofnunin fær myndbandsupptökur af brúðkaupi þeirra og þykir brúðurin ekki nógu hamingjusöm eftir myndunum að dæma. Og þannig telur stofnunin staðfest að um málamyndahjónaband sé að ræða.

Eru mörg svona hjónabönd til skoðunar hjá Útlendingastofnun? Getur verið að unnið sé eftir

rasískum reglum? Getur verið að markmið Útlendingastofnunar sé í dag líkt og fyrir 78 árum þegar gyðingafjölskyldu var vísað af landi brott beint í flas Nasista, vegna regluverks á Íslandi; Ísland fyrir Íslendinga.

Kristín Völundardóttir forstjóri Útlendingastofnunar sagði í viðtali á Bylgjunni á dögunum að leitast væri við að sýna ýrtruð nærgætni í viðtölum við fólk og mannúð og mildi sé viðhöfð í öllum málum. Ég trúi þessari góðu konu Kristínu, fyrrverandi sýslumanni á Hólmavík og Ísafirði. En getur

verið að misvitir starfsmenn starfi undir hennar góða væng? Er starfandi leynipjónusta á vegum Útlendingastofnunar? Fer hún í gang þegar fólk af öðrum litahætti ratar hingað til lands? Er Jóhanna Knudsen ástandsleynilögreglukona afturgengin? Húkir hún fyrir neðan svefnherbergisglugga þeirra hjóna sem Útlendingastofnun fylgist með og njósar hvernig atlotin séu á bænum? Vei þeim ungu hjónum frá Víetnam ef þau hætta að vera ástfangin eins og Íslendinga er von og vísa.

HLEÐSLA
ÍPRÓTTADRYKKUR

100%
HÁGÆÐA
PRÓTEIN



NÝTT!



HLEÐSLA MEÐ KAFFI- OG SÚKKULADIBRAGÐI
22 G HÁGÆÐA PRÓTEIN
HENTAR VEL EFTIR ÆFINGAR OG MILLI MÁLA

HLEÐSLA.IS



Sportið í beinni...

fimmtudagur 5. nóvember

17:55 Celtic - Molde
17:55 Rubin Kazan - Liverpool
20:00 Belenenses - Basel
20:00 Tottenham - Anderlecht
(OPIN DAGSKRÁ)

föstudagur 6. nóvember

19:00 Höttur - KR
22:00 Dominoskörfubolti
01:45 F1 - Putrajaya - Tímat.
03:00 WGC HSBC Champ
03:20 Scrm. Kings - Houston R
05:30 F1 - Putrajaya

laugardagur 7. nóvember

12:35 Bournem - Newc Utd
14:50 Norw C - Swansea City
14:50 Leicester City - Watford
14:50 West Ham Utd - Everton
14:50 Sunderl - Southampton
14:50 Man Utd - WBA
16:25 Keflavík - Grindavík
16:55 Hellas Verona - Bologna
17:20 Stoke City - Chelsea
19:40 AC Milan - Atalanta
03:00 WGC - HSBC Champ

sunnudagur 8. nóvember

12:50 Moto GP - Valencia
13:20 Aston Villa - Man City
13:55 Roma - Lazio
14:55 Barcelona - Villarreal
15:50 Liverpool - Crystal Pal
15:50 Arsenal - Tottenh Hotsp
19:25 Sevilla - Real Madrid
19:40 Sampdoria - Fiorentina
21:20 Leikur í NFL

mánudagur 9. nóvember

22:00 Messan
miðvikudagur 11. nóvember
16:25 Haukar - Stjarnan
Dominos deild kvenna

Dagar Íslands

9. nóvember 1932:

Gúttóslagurinn. Átök urðu í Reykjavík þegar bæjarstjórnin fjallaði um lækun launa í atvinnubótavinnu. Fundurinn var haldinn í G'öðtemplarahúsinu.

11. nóvember 1918:

Lokum heimsstyrjaldarinnar fyrri var fagnað víða um lönd. Í Reykjavík blöktu fánar þó +i hálfu stöng vegna spænsku veikinnar sem þá geisaði.

Helgarveðrið

Á föstudag:

Suðautan 5-10 m/s og rigning með köflum, en 10-15 NV-til. Snýst í hægari sunnanátt með skúrum síðdegis. Hiti 3 til 8 stig.

Á laugardag, sunnudag og mánudag:

Útlit fyrir ákveðna sunnan- og suðvestanátt með skúrum eða eljum, en bjartviðri NA-lands. Kólnandi veður.

Krossgátan

		SJÓMAÐUR	HAND-FANG	STJÓRN		TVEIR EINS	TÍU SINNUM	EYRIR
		GUSA						
		HEIÐUR			TALA UNDIR-FÖRULL			
		BYLTA				FRÚ FIKTA		
		MÓTMÆLA						NAFNBÓT
		TEMUR						
	↓	FRAM-BURÐUR	FUGL		ÓSKAR			
			TVEIR EINS		KLÓR			
HANGI					ÞÉTTIEFNI GUBB			
KVK. NAFN				GÁSKI MERÐ			ÍÞRÓTT	
KLIDUR			LEIKTÆKI TIND			SPENDÝR YRÐING		
STÓR-SIGUR				STAGL SPIK			BELTI JURT	
HERBERGI					DÚKUR DRULLA			SVÖLUN
		FLÍK RÁKIR				HRJÚF GNÆGÐ		
ÖRVERPI				FLAT-ORMUR KOMST			SPÍRA	
STÓR			YNDI ÓHREINKA			HLÓÐIR TALA		
RJÚKA				ÁRMYNNI KRINGUM			TVEIR EINS ÆST	
MÁLUD					POLLUR			
FRÆGÐ					LOTA			

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is



HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir

Þjónusta í heimabyggð frá 1983

Æfingar eru fyrirhugaðar nú í vetur og verða þær tvisvar í mánuði. Baldur Geirmundsson mun stjórna æfingunum, sem verða auglýstar nánar. Þeim, sem hafa áhuga á að kynna sér málið nánar, er bent á að hafa samband við formann Harmonikufélags Vestfjarða, Karitas Pálsdóttur, í síma 456 3664 eða kajakpals@snrpa.is

The image displays a medical vial of Hydromorphone HCl Injection USP on the left, set against a green background. The vial has a purple cap and a label with the product name and dosage (2 mg/mL). To the right is a large grid representing the Icelandic alphabet, organized by vowel length and consonant type.

	PJATLA	HALDAST	AUMA	TVÖ ÞÚSUND	EINKAR	SEFAST
BALAR	S	T	A	M	P	R
STADAL-GILDI	N	O	R	M	KUSK ÁKERA	L Ó
ANGAN	I	L	M	SPÍRA SKOT	Á	L A
LEIFTUR	F	L	A	S	S	í RÖÐ S
RÍKI Í ARABÍU						
↓	FRÝSTI-HÚS	KÆLA TVEIR EINS	Í S	KROPP TALIA	N A	R T
POITTUR	L	Í T	R	STRIT ARFLEIDA	B A K	S FÜSK
HLEYPA	Y	S T	A	HULD-MANNA ÁREYNSLA	Á L F A	GLUNDUR K
ÞRÓTTA-FÉLAG	F	H AURASÁL GÁÐU	N Á N Ö	S	ADDÆTA HEIMSÁLFA	G Á
MÆLI-NING	J Ú	L HALD	T A K	UMFRAM ARÐA	A U K	
FLÝTIR	A S	I FRAM-LEIDNI RÁÐAGERÐ	A F K	Ö S	T	KEPPA
	F	MERKI GAGN	Á K N	HJÁSÓL MIÐJA	G Í L L	
SPILA-SORT	L A U	F	MEGNA ÆTLUN	A N N	A AKUR	E
FRÁ	A F	RJÚFA ERGJA	O P N	A	LÆRIR SIGAÐ	E I
NARSL	S N A	R L	FLANDUR	F L A	K K	
GREINAR-MERKI	K O M M	A	SKRIFA	L E T R A		
ÖHREINKA	A T A	GNEISTA	N E I S T	A		

	7				2			
						5	9	3
8								
1					7		4	2
9		4	6	8				
		7						8
	5				8		1	6
				9	3	8	2	
			4	1				

	8			3	5	2		
	1			9			8	
	7	4				1		
7	4				1	3	2	
9					2	8		4
	6						5	9
4	2						7	1
3			5	2	7		6	
8				1				

Eins og gengur í félagsstarfi nú til dags koma menn og fara og Harmonikufélag Vestfjarða hefur ekki farið varhluta af þessari þróun. Nú er leitað eftir nýjum

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

OG

JARÐAR

33

Sílfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

**Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði**
www.verkvest.is



Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður



HRADFRIYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda



TAXFREE AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM ❖

TAX FREE DAGAR



Reynir Sigurðsson
stofnandi Betra Baks
verður til ráðgjafar í versluninni
fimmtudag til laugardags

.....
AÐEINS Í 3 DAGA
.....

FIMMTUDAG TIL LAUGARDAGS



*Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti.
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður viðisaukaskatt af söluverði.

Nú eru Húsgagnahöllin, Betra Bak og Dorma undir einu þaki að Skeiði 1, Ísafirði (Ljónið)